

ist jafnframt henni og geymist þannig, en ekki gleymist.¹⁾

Þess má gefa, að Tryggingarstofnunin mun fátt eða ekkert hafa staðfest af þessum samningum, vegna afsláttarleysis, en það býst ég ekki við að hafi neitt komið að sök. Hér aðslæknar munu eftir sem áður hafa unnið eftir samningunum og fengið borgun sína nokkurn veginn eftir þeim.

Lyfsölulöggjöf.

Eins og ég gat um í skýrslu minni til síðasta aðalfundar, hafði landlæknir, á því tímabili sem sú skýrsla var gefin fyrir, sent stjórn félagsins frumvarp til lyfsölulaga, sem var þannig til orðið, að Jakob Möller hafði í heilbrigðismálaráðherratið sinni samkvæmt tillögu landlæknis, falið honum, landlækni, að stofna til endurskoðunar lyfsölulöggjafarinnar í heild og skipaði einnig, samkvæmt tillögum hans, honum til aðstoðar við það starf þá Þorstein Scheving Thorsteinsson, lyfsala, sem fulltrúa lyfsalastéttarinnar, Sverri Magnússon, lyfjafræðing, sem fulltrúa lyfjafræðinga, er ekki reka sjálfstæða atvinnu, Kristinn Stefánsson kennara í lyfjafræði við Háskólann og lyfsölustjóra og Einar Bjarnason, fulltrúa í fjármálaráðuneytinu.

Hafði stjórn félagsins nokkuð athugað það frv. og gat ekki fundið neitt sérstaklega athugavert við það frá sjónarmiði lækna. Þetta frumv. var vist aðeins prentað sem handrit og kom aldrei fram á alþingi.

Þá gerðist það síðastliðið haust, að stjórnir Apótekarafélags Íslands og Lyffræðingafélags Íslands óskuðu eftir að fá viðtal við stjórn Læknafélagsins og var haldinn stjórnarfundur í því skyni þ. 20. okt. síðastl. Á þeim fundi mætti af hálfu Apótekarafélags Íslands Stefán Thorarensen lyfsali, en af hálfu Lyffræðingafélags Íslands, stjórn þess, en hana skipuðu þeir Karl Lúðvíksson, lyfjafræðingur, Matthías Ingibergsson og Sigurður Ólafsson. Tilefni þessarar óskar um viðtal var áðurgreint frv., sem þó ekki hafði verið fyrir alþingi lagt og eftir því, sem þessir menn skýrðu frá einkum vegna andstöðu Apótekarafélagsins.

Þessir fulltrúar hinna tveggja oftnefndu félaga, sem þarna voru mættir, töldu þó mjög mikla nauðsyn á, að ný löggjöf yrði sett um þetta efni, en það frv., sem fyrr er getið, væri svo ófullkomið og gallað, að ekki kæmi til mála að samþykkja það. Hinsvegar kváðust þeir hafa gert ráðstafanir til að samið yrði nýtt frv. til lyfsölulaga og fóru fram á aðstoð

1) Sjá fylgiskjal I.